



Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Dagsetning 8.4.2025
Málsnúmer IRN25010007

Yfirferð fjárhagsáætlunar

Í VIII. kafla sveitarstjórnarlaga er fjallað um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og hlutverk eftirlitsnefndar. 79. gr. laganna kveður á um að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) skuli fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum.

Þrátt fyrir að bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem fram kemur að sveitarstjórn sé heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldareglu út árið 2025 vill EFS benda sveitarstjórn á að árið 2026 þarf að uppfylla framangreind skilyrði.

Með hliðsjón af ofangreindu hefur EFS yfirfarið fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025. Samkvæmt fjárhagsáætluninni uppfyllir sveitarfélagið jafnvægisreglu fyrir A- og B-hluta en þriggja ára rekstrarjöfnuður A-hluta á árunum 2023-2025 stefnir skv. áætluninni í að verða neikvæður, líkt og sjá má hér að neðan.

Þús. kr.	Ársreikningur 2023	Útkomuspá 2024	Fjárhagsáætlun 2025	Samanlögð rekstrarniðurstaða
A-hluti	-4.969.347	531.235	1.298.398	-3.139.714
A- og B-hluti	-3.385.374	8.091.565	13.898.884	18.605.075

Með bréfi þessu vill EFS koma ofangreindri ábendingu á framfæri og því er ekki kallað eftir formlegu viðbragði borgarstjórnar. Þó hvetur nefndin borgarstjórn til þess að leita leiða við að uppfylla skilyrði jafnvægisreglu þegar fjármálareglur taka gildi aftur í upphafi næsta árs.

Borgarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags og skal gera EFS viðvart telji hún að fjármál sveitarfélags eða einstakar fjárhagslegar ráðstafanir séu ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni. Borgarstjórn er jafnframt hvött til þess að hafa samband við EFS óski hún eftir upplýsingum eða leiðbeiningum.

Fyrir hönd EFS,

Þórir Ólafsson, formaður

Elmar Björnsson